

Fagráð í hrossarækt

86. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 13. desember 2018 kl. 10:30.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sylvía Sigurbjörnsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir og Gunnar Kristinn Eiríksson komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Tillögur frá Félagi hrossabænda
3. Sýningaráætlun 2019
4. Yfirferð á dómskala – sköpulag
5. Umræða um LM 2020
6. Umsóknir í Stofnverndarsjóð

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda sem haldin var 26. október og var beint til fagráðs til afgreiðslu:

Tillögur frá Hrossaræktarsamtökum Eyfirðinga-og Þingeyinga

1)

Uppruni:

Uppruni er þar sem hross eru fædd og ganga undir móður sinni.

Undantekningar:

Ef eigandi hryssunnar ákveður að skrá upprunann á annan hátt.

Það getur verið af ýmsum ástæðum eins og t.d. ef viðkomandi:

1. kennir ræktunina við annað ræktunarnafn, jörð eða ræktunarbú.
2. leigir eða lánar hryssuna til annars ræktanda og leyfir honum jafnframt að ákveða hvar uppruninn er skráður.

Uppruni skal fylgja upprunanúmeri og skal ákveðið af hryssueiganda.

Einungis má breyta upprunanúmeri ef hryssueigandi hefur samþykkt það, en upprunanúmeri má ekki breyta eftir eins árs aldur hrossins.

Ræktandi:

Ræktandi er sá sem hefur umráð yfir hryssu þegar henni er haldið.

Aðalfundur beinir því til fagráðs að skýra og yfirfara skráningamál.

Svar fagráðs: Skráning á uppruna fer í dag í megin atriðum fram eins og fram kemur í tillögunni. Uppruni folaldsins fer í lang flestum tilvikum eftir því hvar eigandi móðurinnar skráir uppruna sinna hrossa og eigandi móður hefur yfirleitt allt um skráningu folaldsins að segja. Undantekningar á þessu eru þegar hryssan er leigð eða lánuð eða um annað sé sérstaklega samið. Þegar um vafatilfelli er að ræða hefur skráning á ræktanda folaldsins (sérstaklega ef um einn aðila er að ræða) áhrif á skráningu á uppruna. Það að skráning á uppruna hrossa fari eftir fæðingarstað þeirra og hvar þau ganga undir móður sinni á ekki við í dag enda er allur gangur á því hvar ræktendur eru með hross sín í hagagöngu og við hvað þeir kenna svo hross sín. Skráning á uppruna tengist ræktandanum og heldur miklu frekar utan um ræktunarhóp hans til aðgreiningar frá öðrum og er meira í ætt við vörumerki. Uppruni og upprunanúmer hanga alltaf saman.

Fagráð er sammála að skráningarreglur þurfi að skýra og kynna betur og fer þess á leit við RML að það verði gert sem fyrst. Bent var á að samningseyðublöð um leigu eða lán á hryssum er aðgengilegur inn á WorldFeng, undir Eyðublöð.

2)

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn í Samskipahöllinni í Spretti 26. október 2018 beinir því til Fagráðs í hrossarækt að ákveða tímasetningar kynbótasýninga í héraði í samráði við Félög hrossabænda á hverjum stað.

Greinargerð: RML var stofnuð til að þjónusta bændur og eðlilegt er að Fagráð setji reglur um aðstöðu sem þarf að vera til staðar við kynbótasýningar, en hvar og hvenær sýningar fara fram eru ekki einkamál Fagráðs eða RML og mikilvægt að hugmyndir Félags hrossabænda á hverjum stað fái hljómgrunn.

Svar fagráðs: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins heldur sýningarnar og ákveður, að staðfestingu fagráðs fenginni, hvar og hvenær kynbótasýningar eru haldnar. RML hefur fagleg sjónarmið að leiðarljósi við valið en einnig rekstrarleg þar sem reynt er eftir fremsta megni að reka sýningarnar á sem hagkvæmasta hátt svo sýningargjöld geti verið eins lág og kostur er. RML hefur að sjálfsögðu, engu að síður, samráð um val á stöðum og tímasetningum fyrir einstaka sýningar við staðarhaldara og hagsmunaaðila á hverjum stað.

Tillögur frá hrossaræktarsamtökum Suðurlands

Tillaga 1.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHb 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að upplýsingar um einkunnir, skrokkmælingar og hófamælingar kynbótahrossa verði settar upp á grafísku formi (myndrænt) í WorldFeng.com til að auðvelda notendum læsi upplýsinganna.

Greinargerð: Slík breyting einfaldar notendum að lesa úr tölulegum upplýsingum um viðkomandi hross.

Svar fagráðs: Fagráði list vel á þessa tillögu. Það liggur fyrir á næstu misserum uppfærsla á þeim grunni sem WorldFengur er forritaður í en þá mun hann ráða við myndræna

framsetningu á upplýsingum. Þessi tillaga verður höfð til hliðsjónar við vinnuna enda er hluti af þeirri vinnu að koma upplýsingum til skila á myndrænan hátt, þannig að notendur WF hafi enn meiri not af gagnagrunninum.

Tillaga 2.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til fagráðs í hrossarækt að klárhross í röðum kynbótahrossa á Landsmótum og Fjórðungsmótum fái áfram nokkra forgjöf til að geta komist inn á þessi mót og haldi henni þegar til verðlauna á mótunum kemur.

Greinargerð: Klárhross hafa fengið forgjöf til að komast inn á Landsmót síðan 2016 sökum síns skeiðleysis. Forgjöfin fólst í því að ákveðinni einkunn var bætt við aðaleinkunn svo þau stæðu svipað og alhliðahrossin. Eðlilegt er að þessi forgjöf haldi áfram að gilda þegar að kemur að verðlaunaafhendingu – þau eru jú enn skeiðlaus.

Tillaga 3

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að í framhaldi af tillögu nr.2 að Fagráð vinni að því að skilja á milli klárhrossa og alhliðahrossa þannig að þessi hross verði dæmd og verðlaunuð sitt í hvoru lagi á stórmótum.

Greinargerð: Mikilvægt er fyrir eigendur, ræktendur og áhorfendur að bestu klárhrossin verði sýnilegri á LM og FM en verið hefur. Nú er það svo að klárhross eru lítið sýnileg á síðustu dögum stórmóta.

Svar fagráðs við tillögum 2 og 3: Fundarmenn sammála því að vinna að því að auka sýnileika klárhrossa á landsmótum og samþykkir að fela ábyrgðarmanni hrossaræktar að koma með tillögur að útfærslum á grunni þeirrar umræðu sem fór fram á fundinum. Nú liggur fyrir að væntanlega verður farið að reikna tvær aðaleinkunnir fyrir hvern hest sem kemur til dóms; aðaleinkunn eins hún er reiknuð í dag auk aðaleinkunnar þar sem vægi skeið hefur verið dreift yfir að hina eiginleika hæfileikanna (svokölluð „fjórðungs“ einkunn). Þá liggur beinna við að velja hross inn á Landsmót á grunni þessara aðaleinkunna beggja. Fyrir utan aðra möguleika sem þessi breyting hefur í för með sér, opnar hún á þann möguleika að verðlauna hross einnig á grunni fjórðungs einkunnar á Landsmótum; verður skoðað með hvaða hætti er best að gera það.

Tillaga 4.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 beini þeirri áskorun til Fagráðs í hrossarækt að það geri trausta áætlun um það hvernig standa skuli að því að festa varanlega hið nýja litargen fyrir ýruskjóttu litmynstri, sem fram kom sem stökkbreyting í Ellerti frá Baldurshaga, í íslenska hrossastofninum á Íslandi.

Greinargerð: Tilkoma nýs litargens inn í íslenska hrossastofninn er algjörlega einstakur viðburður, sem auðgar genamengi hans. Það verður að sjá til þess að þetta gen festist í stofninum til frambúðar, dreifist vítt um hann og verði varanlegur hluti hans og þar alltaf tiltækt. Þetta gerist ekki án þess að um það sé gerð einhver áætlun og henni fylgt eftir. Annars getur þetta gen týnst aftur eða flust úr landi til notkunar þar án þess að aðgangur sé að því

hér heima. Hvort tveggja er óafturkræfur og óbætanlegur skaði fyrir utan þá skömm sem því myndi fylgja.

Svar fagráðs: Í ljósi þess að komið hefur fram nýtt litaafbrigði í stóðhesti, ýruskjótt, hefur fagráð eftir áskorun frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands ákveðið að útvíkka þróunarverkefni sem sett var af stað af fagráði til bjargar litfórótta litnum árið 1999. Í báðum tilvikum er mikilvægt að koma upp góðum litfóróttum og ýruskjóttum stóðhesti (-um) sem líkur er á að verði notaðir og þannig náist að viðhalda og vernda þau litaafbrigði sem um ræðir.

Fagráð mun því verja til verkefnisins 2.2 milljón króna úr Stofnverndarsjóði. Fénu verður varið til að verðlauna tvo fyrstu litfóróttu stóðhestana og tvo fyrstu ýruskjóttu stóðhestanna sem ná fyrstu verðlaunum í framtíðinni. Hver hestur hlýtur 500 þúsund krónur á núvirði í verðlaun en 200 þúsund krónum verður varið til að endurgreiða sýningargjöld litfóróttra og ýruskjótttra hrossa. Hugmyndin með þessu er að hvetja ræktendur til að koma upp góðum litfóróttum og ýruskjóttum stóðhestum og einnig að hvetja til þess að þau litfóróttu og ýruskjótt hross sem til eru komi til dóms. Þetta ætti að ýta undir að ná þeim litfóróttu og ýruskjóttu hrossum sem til eru í landinu inn í hinn virka hluta hrossastofnsins. Eigendur þessara hrossa verða að sækja formlega um styrk til stofnverndarsjóðs (hvort sem um það er að ræða að stóðhesturinn hljóti fyrstu verðlaun eða um endurgreiðslu á sýningargjaldi) og þau skilyrði eru fyrir styrknum að hrossin séu staðsett á Íslandi og að stóðhesturinn sem hlýtur fyrstu verðlaun sé laus við spatt og hafi ekki eistnagalla. Einnig fylgja þau tilmæli þessum fjárstuðningi að eigendur stóðhestanna bjóði aðgang að gripum sínum í að minnsta kosti tvö ár eftir að þeir hljóta styrkinn.

Tillaga 6.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 beini því til Fagráðs í hrossarækt að opnaður verði fyrir stóðhestseigendur möguleiki á að skrá í WorldFeng staðfestar niðurstöður um sæðisgæði stóðhesta sinna.

Greinargerð; *Mikilvægt er að safna saman og halda utan um frjósemiseiginleika í íslenska hrossastofninum. Gefur hryssueigendum möguleika á að velja með ábyrgum hætti fyrir eiginleikanum frjósemi.*

Svar fagráðs: Fagráði list að mörgu leyti vel á tillöguna og felur ábyrgðarmanni hrossaræktar að ráðfæra sig við dýralækna um framtíð birtinga í WorldFeng á upplýsingum um frjósemi hrossa.

3. Sýningaráætlun

Þorvaldur lagði fram drög að sýningaráætlun ársins 2019. Hún er með nokkuð hefðbundnu sniði og síðustu ár. Sýningarárið byrjar 20. maí með sýningu í Hafnarfirði og stefnt er að tveimur sýningarstöðum á Höfuðborgarsvæðinu í vor; Hafnarfirði og Kópavogi. Þá munu sýningar vorsins fyrir norðan enda á Akureyri þetta árið og byrjar með sýningu á Hólum í byrjun júní. Sýningar vorsins enduðu lengi vel í Eyjafirði en hafa síðan 2016 endað í Skagafirði, þótti sanngjarnt að snúa þessu við þetta árið. Þá verður stefnt að tveimur sýningarvikum á Gaddstaðafötum miðsumars. Þetta hefur verið stærsta sýning ársins á árunum á milli landsmóta undanfarin ár, hefur verið ein vika með tveimur dómaragengjum. Til að losna við að vera með tvö dómaragengi að störfum er boðið upp á tvær vikur nú í stað

einnar, enda er það ekki síðri þjónusta við notendur kerfisins. Annað í sýningaráætlun 2019 er með líkum hætti og undanfarin ár:

Tímasetning:	Staðsetning:
20.05 - 24.05	Sörlastaðir Hafnarfirði
27.05 - 31.05	Borgarnes
27.05 - 31.05	Brávellir Selfossi
03.06 - 07.06	Sprettur Kópavogi
03.06 - 07.06	Gaddstaðaflatir
11.06 - 14.06	Sprettur Kópavogi
11.06 - 14.06	Gaddstaðaflatir
03.06 - 07.06	Hólar Hjaltadal
11.06 - 14.06	Akureyri
03.06 - 04.06	Fljótsdalshérað
15.07 - 26.07	Gaddstaðaflatir - Miðsumarss.
22.07 - 26.07	Hólar Hjaltadal - Miðsumarss.
19.08 - 23.08	Selfoss - Síðsumarss.
19.08 - 23.08	Akureyri - Síðsumarss.
19.08 - 23.8	Borgarnes - Síðsumarss.

- Drög að nýjum dómskala fyrir sköpulagsdóma. Þorvaldur lagði fram drög að nýjum dómskala fyrir sköpulagið. Eins og kom fram í fundargerð fagraðs frá 11. október síðastliðnum þá hefur vinna farið fram í ár á uppfærslu dómskalans, á þeim fundi voru lögð fram drög að dómskala fyrir hæfileika og í lok þessa árs á að liggja fyrir heildardrög að nýjum dómskala, nú þegar sköpulagshlutinn liggur fyrir. Þessi drög á svo að kynna á fundum í vetur, bæði hér heima og einnig á grundvelli FEIF. Búið er að yfirfara ræktunarmarkmið innan hvers eiginleika sköpulagsins og yfirfara lýsingar á öllum einkunnum, nema réttleikans en unnið verður að því á næstunni. Markmiðið er að tryggja enn betur að það byggingarlag sem verðlaunað er í dómi stuðli að elisgóðri ganghæfni og hefur því tenging sköpulagsdómsins við virkni í reið verið aukin. Þá hefur verið skýrt hvernig skrokkmálin hafa áhrif á matið þar sem það á við. Var það álit fagraðs að þessi nýji skali sé mun meira lýsandi og almennt gerður góður rómur að þessum breytingum.
- Umræða var tekin um aðkomu kynbótahrossa að næsta landsmóti sem haldið verður á Gaddstaðaflofum árið 2020. Þorvaldur hitti undirbúningsnefnd mótsins á dögunum. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar en ekkert ákveðið að sinni. Í fyrsta lagi verða kynbótahross væntanlega valin á grundvelli tveggja aðaleinkunna eins og rætt var að ofan í tengslum við tillögur frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands. Þá var rætt um hvort til bóta sé að sameina yfirlitssýningar og verðlaunaveitingar, þannig að verðlaun verði veitt í hverjum flokki strax á lokinni yfirlitssýningu. Einnig var rætt um hvort reynandi væri að gera prufu á því að dæma ekki alla flokka á mótinu heldur taka

hrossin í þeim flokkum til góðrar kynningar á mótinu og verðlauna þau á grundvelli dóma vorsins. Helst var rætt um að það gæti átt við í hryssuflokkum, til dæmis flokki fjögurra vetra hryssna. Þetta verður rætt betur í fundum í vetur, bæði í fagraði og opnum hrossaræktarfundum.

6. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 13.263.370,- krónur. Sveinn Ragnarsson vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknanna en tvær umsóknir voru frá Hólaskóla og ein frá Sögusetri íslenska hestsins. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:
 - a) Hreyfingafræði íslenska hestsins: Ræktun, þjálfun, velferð. – Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Víkingur Gunnarsson.
Samþykkt: 3.500.000,- kr.
 - b) Appfengur, þróun á snjalltækjalausn fyrir WorldFeng – Rusticity - Nanna K. Kristjánsdóttir. Samþykkt: 2.600.000,- kr.
 - c) Burðargeta íslenskra reiðhrossa - Hólaskóli, Háskólinn á Hólum og Sænski landbúnaðarháskólinn (SLU) - Anna Jansson og Guðrún Stefánsdóttir.
Samþykkt: 5.000.000,- kr.
 - d) Heltigreining hjá íslenska hestinum – Sigríður Björnsdóttir.
Samþykkt: 1.000.000,- kr.
 - e) Bólusetning gegn sumarexemi í hrossum – Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum - Sigurbjörg Þorsteinsdóttir.
Samþykkt: 500.000,- kr.
 - f) Erfðarannsókn á litförótta litnum – Páll Imsland, Kristinn Guðnason og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson.
Samþykkt: 600.000,- kr.
 - g) Fræðsluvefur Hrímnis – Rúnar Þór Guðbrandsson. Sótt er um 500.000,- kr.
Hafnað.
 - h) Endurútgáfa á ritverkum Ásgeirs Jónssonar frá Gottorp um hesta – Sögusetur íslenska hestsins – Kristinn Hugason. Sótt er um 1.000.000,- kr.
Hafnað.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:00

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson